

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1334/2001**

frá 2. júlí 2001

**um bráðabirgðaleyfi fyrir nýtt aukefni í fóðri**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2697/2000 <sup>(2)</sup>, einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að heimilt sé að veita leyfi fyrir nýtt aukefni eftir að umsókn, sem gerð var í samræmi við 4. gr. tilskipunarinnar, hefur verið tekin til skoðunar.
- 2) Í 1. mgr. 9. gr. e í tilskipuninni er kveðið á um að heimilt sé að veita bráðabirgðaleyfi fyrir nýtt aukefni ef skilyrðin í b- til e-lið 3. gr. a tilskipunarinnar eru uppfyllt og telja má með réttu, með hliðsjón af fyrirliggjandi niðurstöðum að efnið hafi einhver þau áhrif sem um getur í a-lið 2. gr. þegar það er notað í fóður. Heimilt er að veita slíkt bráðabirgðaleyfi til allt að fjögurra ára ef um er að ræða aukefni sem tilgreind eru í II. hluta viðauka C við tilskipunina, þar með eru taldir vaxtarhvarar.
- 3) Í aaa-lið 2. gr. tilskipunar 70/524/EBE er þess krafist að leyfi fyrir vaxtarhvata séu tengd þeim einstaklingi sem ber ábyrgð á því að setja þá í dreifingu.
- 4) Matið á skjölunum sem lögð voru fram í tengslum við leyfi fyrir kalíumdíformat, sem tilheyrir flokknum „vaxtarhvarar“ sem lýst er í viðaukanum, sýnir að efnið uppfyllir framangreind skilyrði og því er heimilt að leyfa það til bráðabirgða til fjögurra ára.

5) Matið á skjölunum sýnir að ákveðnar aðgerðir geti verið nauðsynlegar til að vernda starfsmenn fyrir váhrifum af völdum efnisins. Slík vernd ætti hins vegar að vera tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum <sup>(3)</sup>.

6) Vísindanefndin um fóður hefur sent frá sér jákvætt álit að því er varðar öryggi vaxtarhvatans fyrir dýr, notendur, neytendur og umhverfið við þau skilyrði sem lýst er í viðaukanum.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Aukefnið sem tilheyrir flokknum „vaxtarhvarar“ sem skráð er í viðaukanum við þessa reglugerð er leyft til bráðabirgða til notkunar sem aukefni í fóður samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. júlí 2001.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. júlí 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB L 319, 16.12.2000, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

VIÐAUKI

Skráningar-númer aukefnis	Nafn og skráningar-númer þess sem ber ábyrgð á að setja aukefni í dreifingu	Aukefni (viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Lok gildistíma leyfis
						(milligrömm virks efnis á hvert kílógramm heilfóðurs)			

Vaxtarhvatar

1	Norsk Hydro Ltd	Kalíumdíformat (Formi <sup>TM</sup> LHS)	Samsetning aukefnis: Kalíumdíformat, fast efni 98 g/100 g, Silíkat 1,5 g/100g, Vatn 0,5 g/100 g	Mjólkurgrísir	2 mánuðir	6 000	6 000	—	30.6.2005
			Virkt efni: Kalíumdíformat, fast efni KH(COOH) <sub>2</sub> CAS-númer 20642-05-1	Eldissvín	—	6 000	6 000	—	30.6.2005